


Alþingi
Erindi nr. P 139/1632
komudagur 9. 3. 2011

Samgöngunefnd Alþingis



Landssamtök hjólríðamanna
www.LHM.is

Reykjavík, 7. mars 2011

Umsögn Landssamtaka hjólríðamanna við frumvarp til laga um Vegagerðina, mál 386 á 139. löggjafarþingi.

Landssamtök hjólríðamanna (hér eftir LHM) eru hagsmunasamtök hjólríðamanna. Markmið samtakana eru m.a. að efla hjólríðar á Íslandi sem heilsusamlegan lífsmáta og sem samgöngutæki. Öll stærstu hjólríðafélög landsins eiga aðild að LHM. Samtökin eru þó ekki aðeins málsvari félagsmanna hinna ýmsu hjólríðafélaga sem telja um 2000 manns heldur eru þau jafnframt málsvari alls hjólríðafólks á Íslandi. LHM er aðildarfélag að European Cyclists' Federation, sem eru heildarsamtök fyrir hjólríðafélög til samgangna og ferðalaga í Evrópu. Aðildarfélag ECF er að finna í flestöldum löndum Evrópu.

LHM leggja hér með fram athugasemdir sínar við frumvarpið en lýsa sig jafnframt alþúin að mæta fyrir samgöngunefnd og aðstoða eftir fremsta megni við að láta þessi lög endurspeglar virðingu fyrir umhverfisvænsta og hollasta ökutækinu.

1. grein.

LHM finnast markmið sem sett eru fram í 3. mgr. 1. gr. metnaðarfull og gerir ekki athugasemd við þau. Þau passa enda einstaklega vel við hjólríðar sem eru öruggar, sjálfbærar og hagkvæmar og með smá endurbætum má gera þær mun greiðari en nú er. Hjólríðar eru einnig í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið samfélagsins í fyrirsjáanlegri framtíð.

LHM leggur þó til að eftirfarandi texta verði bætt við til að taka af öll tvímæli um að hjólríðar, ganga og almennings-samgöngur séu jafngildar samgöngum með einkabílum, sem því miður hefur verið látið njóta forgangs á landinu fram að þessu:

Við 3. mgr: Þá skal stofnunin í öllu starfi sínu gæta að jafnræði samgöngumáta.

Fyrir hönd stjórnar Landssamtaka hjólríðamanna

Árni Davíðsson formaður
Morten Lange